



Launavísitalan óbreytt milli mánaða – eins og við var að búast

Launahækkunar mun minni en verið hefur

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var launavísitalan nær óbreytt milli júlí og ágúst. Breytingin á ársgrundvelli var 4,3% sem er álíka mikið og í síðustu tveimur mánuðum. Launahækkunartakturinn er því kominn niður í 4% sem er mikil lækkun frá 6-8% hækkunartakti árána 2017-2018. Fyrir utan mögulegar hækkunar í samningum opinberra starfsmanna verða almennar hækkunar á almenna markaðnum ekki fyrir en í maí á næsta ári. Þess er því að vænta að hækkunartakturinn fari frekar niður á við en upp á næstu mánuðum.

Kaupmáttur stöðugur og aldrei verið meiri


Kaupmáttur launa hefur verið stöðugur undanfarna mánuði, og jókst lítillega eftir að samningarnir voru gerðir. Kaupmáttur var þannig 1,1% meiri nú í ágúst en í ágúst 2018. Frá áramótum 2014/2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um tæp 26%, eða u.þ.b. 6% á ári. Það er verulega mikil aukning, bæði sögulega séð og í samanburði við önnur lönd. Séð í lengri tíma samhengi hefur kaupmáttur launa aldrei verið meiri. Nú í ágúst var kaupmáttur þannig um 25% hærri en hann var mestur á árunum fyrir hrún.

Laun stóru hópanna

Tölur Hagstofunnar um nánari samsetningu launavísitölu koma jafnan mun seinna en vísitalan sjálf. Þannig hefur launavísitalan fyrir ágúst 2019 verið birt en samsetningin nær bara til júní 2019. Því er þó hægt að skoða þróun á fyrri hluta ársins. Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá 2. ársfjórðungi 2018 til 2. ársfjórðungs 2019, má sjá að launahækkunar á almenna markaðnum voru ívið minni en á þeim opinbera. Munurinn nemur u.þ.b. 0,3 prósentustigum.


Kjarasamningar á almenna markaðnum runnu út í lok síðasta árs og nýr samningur var gerður fyrir

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



stærstan hluta markaðarins í byrjun apríl. Samningar á opinbera markaðnum runnu flestir út á 1. og 2. ársfjórðungi og hafa nýir samningar ekki verið gerðir enn. Launabreyting milli 1. og 2. ársfjórðungs í ár var því eðli málsins samkvæmt mun meiri á almenna markaðnum en á þeim opinbera. Munurinn er um 2 prósentustig.

Launahækkunir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstétum á einu ári frá 2. ársfjórðungi 2018 til sama tíma 2019 var mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki, 7,2%, og 6,9% hjá verkafólki. Laun stjórnenda og sérfræðinga hækkuðu áberandi minnst á þessu tímabili, eða um 3,6%. Laun annarra starfsstétta hafa hækkað í kringum 5-6% á þessum tíma sem er álíka og hækkun launavísitölunnar sem hækkaði um 5,4% á þeim tíma.

Laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks og verkafólks hækkuðu einnig mest á milli 1. og 2. ársfjórðungs 2019. Þessar tölur eru því sterk vísbending um að markmið kjarasamninga á almennum markaði um meiri hækkun lægri launa en þeirra hærri hafi náðst, a.m.k. í fyrstu umferð.

Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hækkuðu laun áberandi mest í flutningum og geymslustarfsemi frá 2. ársfjórðungi 2018 til sama tíma 2019, eða um 6,7%, sem er vel umfram hækkun launavísitölunnar. Laun í fjármála- og tryggingarstarfsemi hækkuðu áberandi minnst enda komu nýir kjarasamningar á fjármálamarkaðnum ekki til framkvæmda fyrr en á 3. árfjórðungi í ár.

Breytingar milli 1. og 2. ársfjórðungs 2019 sýna svipaða mynd, laun í verslun og viðgerðum hækkuðu mest og laun í fjármála- og tryggingarstarfsemi minnst.


Mismunandi þróun heildarlauna

Launavísitölu er ætlað að sýna þróun reglulegra launa í hverjum mánuði fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Hvers konar álags- og bónusgreiðslur, eru taldar með svo sem föst yfirvinna.

Heildarlaun eru hins vegar samtala allra staðgreiðsluskyldra launa einstaklinga fengin úr staðgreiðslugögnum. Munurinn á milli heildarlauna


Hagsjá

Launþróun hópa á vinnumarkaði á 2. ársfjórðungi 2019




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launþróun eftir starfsstétum - breyting á 2. ársfj. 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launþróun eftir atvinnugreinum - breyting á 2. ársfj. 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



felst að verulegu leyti í yfirvinnugreiðslum. Þróun heildarlauna er því hentugur mælikvarði til þess að meta hvert stefnir í hinum ýmsu greinum.

Launavísitala hækkaði um 5,4% milli 2. ársfjórðungs 2018 og 2019. Vísitala heildarlauna hækkaði um 4,9%, eða um hálfu prósentustigi minna en launavísitalan. Þetta sýnir að heildartekjur hafa hækkað minna en dagvinnutekjur, væntanlega fyrst og fremst vegna styttri vinnutíma. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar styttest vinnutími um 0,4 stundir á þessum tíma. Launavísitala og vísitala heildarlauna breyttust með svipuðum hætti á milli 1. og 2. ársfjórðungs 2019.

Heildarlaun hækkuðu mest í atvinnugreininni upplýsingar og fjarskipti á milli 2. ársfjórðungs 2018 og 2019, um tæp 7%, og þar á eftir í framleiðslu og gisti- og veitingarekstri, um rúm 6%.


Launapróun í samræmi við væntingar

Kjarasamningum hefur verið lokað fyrir mest allan almenna markaðinn og upphaflega lausnin sem kom í byrjun apríl hefur verið fyrirmynd annarra samninga. Niðurstaðan er alls staðar krónutöluhækkunir, kr. 17.000 á mánuði í upphafi tímabils og álíka hækkunir á næstu árum.

Lítið hefur gerst í samningaviðræðum opinberra starfsmanna eftir að viðræður hófust eftir sumarfrí. Frá sumum hópum hefur heyrst að ekki sé mikill áhugi á að nota krónutölusamningana frá almenna markaðnum sem fyrirmynd og svo virðist sem unnið sé að lausnum í sambandi við styttingu á vinnutíma.

Ekki er að sjá að mikið launaskrið sé í gangi og því má vænta tiltölulega rólegrar þróunar á almenna markaðnum fram í maí þegar næstu áfangahækkunir samkvæmt samningum taka gildi.

Breyting launavísitölu og heildarlauna



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.